

FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1970.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Til viðbótar við gjöldin í 2. gr. fjárlaga 1970 er veitt:

| | Þús. kr. |
|---|----------|
| 00 Æðsta stjórn ríkisins að undanskildu Alþingi | 4 439 |
| 01 Forsætisráðuneytið | 3 370 |
| 02 Menntamálaráðuneytið | 216 076 |
| 03 Utanríkisráðuneytið | 77 723 |
| 04 Landbúnaðarráðuneytið | 72 956 |
| 05 Sjávarútvegsráðuneytið | 19 138 |
| 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið | 86 354 |
| 07 Félagsmálaráðuneytið | 59 880 |
| 08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið | 215 683 |
| 09 Fjármálaráðuneytið | 153 925 |
| 10 Samgönguráðuneytið | 209 352 |
| 11 Iðnaðarráðuneytið | 44 104 |
| 14 Ríkisendurskoðun | 2 847 |

Samtals 1 165 847

Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

30. apríl 1973.

Nr. 66.

LÖG

um breyting á lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 69. gr. orðist svo:

(Ný málsgrein).

Það varðar stjórnanda fars sektum, ef við komu fars frá útlöndum eru eigi gefnar upp á innsigliSSkrá, eigi finnast í farinu né heldur er á annan hátt gerð viðhlitandi grein fyrir áfengis- og/eða tóbaksbirgðum, sem samkvæmt skýrslum tollyfirvalda á viðkomustað farsins erlendis hafa verið teknar um borð í farið þar og stjórnandi þess vissi eða mátti vita um. Sama gildir um birgðir, sem samkvæmt innsigliSSkrá hafa verið geymdar meðal innsigliSSbirgða farsins, enda sé um að ræða

verulegt magn umfram nauðsynlegar og eðlilegar birgðir þess. Sömu refsingu skulu og þeir af áhöfn farsins sæta, sem undirritað hafa móttökuskilríki eða innsigliðskrá yfir slíkan varning.

2. gr.

2. mgr. 76. gr. orðist svo:

Þó er tollyfirvöldum heimilt að ákveða sekt fyrir ólöglegan innflutning, ef brot er skýlaust sannað og ætla má, að brot varði ekki hærri sekt en kr. 20 000, enda játtist sökunautur undir þá ákvörðun og greiði sektina þegar í stað. Við slíka sektarákvörðun skal greina í bókun, skýrt og stutt, brot það, sem um er að tefla, refsíákvæði, sem það varðar við, og ítrekunarverkun á síðari brot, ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot einnig upptöku eignar í för með sér, og getur tollyfirvald undir því skilorði, er nú var sagt, ákveðið eignaupptöku, enda fari verðmæti eigi fram úr kr. 100 000.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja nokkrar eignir ríkissjóðs.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hafnarfjarðarbæ fasteignina Ásbúðartröð 1, Hafnarfirði, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum. Náist ekki samkomulag um söluverð, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eignina Smiðjuveg 17 í Kópavogskaupstað, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja lóðina Skeljanes 10, Reykjavík (áður Sæból í Skildinganeslandi).

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.